

- Svæði næst Eyravegi ætlað til afnota að skipulagstímabili loknu undir iðnað, verslun, þjónustu og stofnanir breytist í athafnasvæði, verslunar- og þjónustusvæði og svæði fyrir þjónustustofnanir.
- Gert er ráð fyrir blönduðu svæði íbúða og þjónustustofnana miðja vega milli Ölfusár og Eyravegar sunnan línu í beinu framhaldi af Fossheiði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 21. júní 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Grafarvogur, kirkjugarður og undirgöng.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. júní 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felur í sér að útivistarsvæði til sérstakra nota (Gufuneskirkjugarður) er stækkað til suðvesturs um 2,5 ha inn á almennt útivistarsvæði. Undirgöng fyrir gangandi umferð undir Hallsveg á móts við Langarima eru færð um 300 m til austurs, austur fyrir gatnamót Fjallkonuvegar. Stofnstígur að undirgöngum færist sem þessu nemur.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 21. júní 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um skipulag í Hrunamannahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 5. apríl 2000 deiliskipulag frístundabyggðar í landi Dalbæjar 2, Hrunamannahreppi.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Flúðum, 30. júní 2000.

Loftur Þorsteinsson oddviti.